



Stefnumótun íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur samþykkt á 134. fundi íþróttá- og tómstundaráðs þann 17.október 2019.

Í stefnu Reykjavíkur frá 2020-2030 er uppbygging íþróttamannvirkja til að styðja við öflugt íþróttastarf eitt af markmiðum bæjarins.

Íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur fagnar því að unnið sé í samræmi við niðurstöður Capacent þar sem ljóst er að mikil þörf er á bættri æfingaaðstöðu fyrir knattspyrnufélög bæjarins.

Frá fundi íþróttá- og tómstundaráðs 18.júní sl. er búið að funda með forsvarsmönnum beggja félaga og þarfir þeirra teknar til skoðunar, sérstaklega hvað varðar gervigrasvöll fyrir bæði félög og íþróttahús fyrir UMFN.

Ef teknar eru til greina þarfir íþróttafélaganna til hliðsjónar við framtíðarsýn sem var kynnt af Capacent og þær kostnaðartölur sem voru lagðar fram af umhverfis og skipulagssviði er ljóst að framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja á miðlægu íþróttasvæði er hagkvæmasti kosturinn fyrir Reykjavík í heild sinni.

Ennfremur mun íþróttá- og tómstundaráð halda áfram þeirri mikilvægu vinnu í uppbyggingu á íþróttamannvirkjum bæjarins í takt við þá tímaætlun sem birtist hér að neðan.

Það skal taka fram að íþróttá- og tómstundaráð er ekki að stuðla að sameiningu íþróttafélaganna á nokkurn hátt þó í einhverjum tilfellum sé rætt um sameiginlega nýtingu á aðstöðu.

Það er mat íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur að eftirfarandi framkvæmdir verði settar á fjárhagsáætlun en jafnframt að uppbygging aðstöðu og íþróttamannvirkja verði reglulega endurskoðuð og mögulega flýtt.

2019

- Unnið með niðurstöður Capacent og áfram verði unnið að uppbyggingu íþróttamannvirkja í góðri samvinnu við íþróttahreyfinguna.
- Teiknað upp framtíðarsvæði við Afreksbraut í samstarfi við umhverfissvið og íþróttá- og tómstundaráð. Áhersla lögð á að tryggja fjármagn fyrir nýjan sameiginlegan æfingagervigrasvöll sem nýtist báðum félögum. Unnið verði í samvinnu við innkaupastjóra Reykjavíkur og umhverfissvið að útbúa útboðsgögn og kostnaðaráætlun fyrir æfingagervigrasvöll.
- Áhersla lögð á að tengja hjóla- og göngustíga úr nærliggjandi hverfum.

Ráðhús Reykjavíkur

Tjarnargata 12
230 Reykjavík

Sími 421 6700

reykjavikbaer@reykjavikbaer.is

reykjavikbaer.is



2020

- Hafist handa við byggingu á æfingagervigrasvelli og búningaaðstöðu vestan Reykjaneshallar.
- Ný áhaldageymsla við Reykjaneshöll.
- Áfram unnið að framtíðarsvæði við Afreksbraut í samstarfi við umhverfissvið og íþróttá- og tómstundaráð – Áhersla lögð á að tryggja fjármagn fyrir hönnun á fyrsta áfanga á íþróttahúsi sem hýsir keppnisvöll og félagsaðstöðu fyrir UMFN.

2021

- Hafist handa við fullnaðarhönnun og uppbyggingu á íþróttahúsi við Afreksbraut. Á svæðinu við Afreksbraut verður einnig framtíðaraðstaða fyrir fimleikadeild og bardagaíþróttir, aðstaða fyrir skotdeild, lyftingar, golfklúbb ásamt félagsaðstöðu fyrir allar deildir. Þessi áfangi er háður því að Akademiúnni verði fundin önnur not eða seld og hvetur íþróttá- og tómstundaráð Reykjaneshöllar að fara skoða þann möguleika sem allra fyrst.

2022-2026

- Framkvæmdir við byggingu íþróttahúss og áframhaldandi uppbygging íþróttamannvirkja við Afreksbraut.

Fyrrgreindar tillögur verða unnar í samráði við aðalstjórnir íþróttafélaganna og íþróttabandalag Reykjaneshöllar.

Ráðhús Reykjaneshöllar

Tjarnargata 12
230 Reykjaneshöllar

Sími 421 6700

reykjaneshoel@reykjaneshoel.is

reykjaneshoel.is